

Sp.

640. Tillaga til þingsályktunar

[299. mál]

um eflingu almannavarna.

Flm.: Friðrik Sophusson, Helgi Seljan, Eiður Guðnason, Guðmundur Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera áætlun um eflingu almanna-
varna í landinu, m. a. með eftirfarandi markmið í huga:

1. Almannaþarnir ríkisins verði eflðar og þeim tryggður nægur mannaflí til að annast aðalverkefni í almannaþörnum, þ. e. upplýsingastarfsemi, skipulagsmál, áhættumat, fræðslu- og þjálfunarmál og birgðahald.
2. Þjálfaðir verði umsjónarmenn almannaþarna í hverju kjördæmi landsins, er verði fulltrúar Almannaþarna ríkisins í viðkomandi kjördæmi.
3. Komið verði á fót birgðastöðvum almannaþarna í hverju kjördæmi landsins fyrir neyðarbirgðir á sviði slysaþjálfar, vistunar heimilisláusra, fjarskipta og neyðarlýsingar.
4. Lokið verði við uppsetningu á viðvörðunar- og fjarskiptakerfi Almannaþarna ríkisins.
5. Með aðstoð ríkisþjölmiðlanna verði skipulögð almenningsfræðsla um varnir gegn náltúruhamförum og annarri vá.
6. Starfs- og þjálfarlið almannaþarna verði þjálfað á kerfisbundinn hátt samkvæmt nánari áætlun þar um.
7. Endurskoðuð verði lög um verkefna- og kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna almannaþarna.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari, sem flutt er af þingmönnum allra flokka, er stefnt að því að efla almannaþarnir og hefja áætlanagerð í því skyni. Fyrsta áætlunin þarf að geta legið fyrir sem fyrst og síðan er eðlilegt að endurskoðun fari fram á fimm ára fresti.

Almannavarnir á Íslandi voru stofnaðar með lögum nr. 94 29. desember 1962 og hafa því bráðum verið starfræktar í 20 ár. Á þessum tæplega 20 ára starfsferli hafa almenningur og stjórnvöld margsinnis óskað eftir og krafist úrlausnar Almannavarna með neyðar- og hjálparstarfi við meiri háttar náttúruhamfarir eða aðra vá. Að hættuástandi loknu hefur starfsemi Almannavarna hins vegar fallið í skugga dægurmálanna og verið litill gaumur gefinn, þrátt fyrir mikilvægi þeirra. Eflaust á þetta m. a. rætur í þeim misskilningi, að skipa megi þeim á bekk með björgunar-sveitum, sem af fórnfýsi koma til hjálpar þegar fólk týnist eða er í hættu statt. Vill þá gleymast, að hlutverk Almannavarna er mun viðtækara og flóknara en svo að hægt sé að fela það samtökum áhugamanna, þótt þau sé mjög mikilvæg. Björgunarstörf eru hins vegar aðeins einn af mörgum starfsþáttum Almannavarna ríkisins.

Almannavarnir eru sameiningarafl þjóðarinnar á sínu sviði og er ætlað að skipuleggja og framkvæma ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir eigna- eða líkamstjón af völdum náttúruhamfara eða af annarri vá og veita líka og aðstoð vegna tjóns sem orðið hefur.

Mikil hætta getur verið því samfara að tryggja ekki nægilegan almannavarna-viðbúnað í landinu. Nægir þar að minna á, að Ísland er eitt þeirra landa í heiminum, þar sem náttúruhamfarir eru tíðastar og mestar. Með stórauðinni landnýtingu og fjölbreytileika í atvinnuháttum, háðari tæknivæðingu nútímans, eykst hættan á alvarlegum afleiðingum náttúruhamfara, bæði hvað varðar mann- og eignatjón. Þar af leiðandi er viðbúnaður til að mæta vá nauðsynlegur, þar sem mikið veltur á réttum neyðaraðgerðum. Þegar hættu ber að höndum eru fyrirbyggjandi ráðstafanir ekki síður mikilvægur liður í almannavörnum til að tryggja að tjón verði eins lítið og kostur er. Hafa ýmsar framfarir átt sér stað á því sviði hér á landi, flestar fyrir áeggjan og forgöngu Almannavarna, þótt aðrir hafi tekið að sér framkvæmdir. Hefur oftast verið hljótt um slík störf.

Almannavarnir eru viðbúnaður ríkisvaldsins og sveitarfélaga til að mæta vá, enda er hin eiginlega ábyrgð á skipulagi og framkvæmd á neyðaraðgerðum til öryggis borgurinum í verkahring stjórnvalda. Nægir í því efni að benda á eldsumbrotin í Vestmannaeyjum 1973, snjóflóðin í Neskaupstað 1974 og Kröfluelda frá árinu 1975. Enn fremur má minna á, að þegar náttúruhamfarir verða erlendis snýst umræðan ávallt um viðbúnað stjórnvalda, hvernig skipulag neyðaraðgerða hefur reynst og mannaflí og tæki nýst.

Almannavarnir ríkisins hafa lagt allt kapp á að stofna almannavarnanefndir í byggðum landsins og gera alhliða neyðaráætlanir í þeim. Nú eru starfandi 55 almannavarnanefndir í landinu og ná neyðaráætlanir þeirra til 206 sveitarfélaga af 224. Unnið er að því að ljúka áætlanagerðinni fyrir þau 18 sveitarfélög, sem eftir eru. Á s. l. 10 árum hefur orðið bylting í skipulagi neyðaraðgerða í landinu og nægir að minna á, að í upphafi síðasta áratugs var ekkert skipulag til um hvernig bregðast skyldi við stórum flugslysum, snjóflóðum, skæðum eldgosum, flóðum eða jarðskjálftum, svo að það helsta sé nefnt. Hefur það skipulag, sem hér hefur verið gert, vakið athygli alþjóðastofnana á þessu sviði. Í þeim löndum, þar sem skipulagið hefur verið kynnt, hefur það verið talið til fyrirmyndar. En það er ekki nóg að skipuleggja. Það verður að vera til styrkur til að beita skipulaginu, ef hættu ber að höndum.

Til að ná sem mestum árangri í starfi hafa Almannavarnir ríkisins talið æskilegt að stefna að eftirfarandi þróunarferli:

- Að samhæfa rannsóknarstarfsemi vísindastofnana með tilliti til upplýsinga-söfnunar vegna náttúruhamfara og aðvarana um hættuástand. Enn fremur störf þeirra við áhættumat og nauðsynlegar upplýsingar og ráðgjöf um viðbúnað fyrir almannavarnanefndir héraða.
- Að hafa forgöngu um, að áhættumat fari fram, og stuðla að því, að skipulag byggja þróist með tilliti til þess að fyrirbyggja tjón.

- Að undirbúa, viðhalda og æfa áætlanir um samhæfingu ríkisstofnana, byggðastofnana, félaga og fyrirtækja á neyðartímum.
- Að upplýsa almenning um öryggisráðstafanir á einkaheimilum, um varnir og hegðun fólks í náttúruhamförum og þjálfa í því skyni starfsmenn og hjálparlið.
- Að koma upp lágmarksöryggisbirgðum í einstökum landshlutum með tilliti til íbúafjölda.
- Að koma upp og starfrækja viðvörunar- og fjarskiptakerfi og annan sérhæfðan tæknibúnað vegna almannavarna.

Núverandi lagaákvæði um skiptingu kostnaðar vegna almannavarna valda miklum vanda í framkvæmd og hamla gegn æskilegri þróun. Núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir, að ríkissjóður beri allan kostnað vegna almannavarna í héruðum, en geti krafist sveitarsjóð um helming kostnaðar og þriðjung í undantekningartilvikum. Hins vegar hafa almannavarnanefndir framkvæmdina með höndum, en skortir fjármagn.

Nauðsynlegt er að endurskoða lögin um hlutverkaskipti ríkis- og sveitarfélaga í þessum efnum og stefna að því, að sveitarfélag kosti sinn hluta að fullu og ríkissjóður greiði sömuleiðis sinn skerf.